**Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**
**Innrimel 3, 301 Akranes**
**kt. 550399-2299**
**Símar: 4312740 og 4312750**
**netf: heilbrigdiseftirlit@vesturland.is**

Hvalfjarðarsveit, 20. júní 2016.

Akraneskaupstaður
Sviðsstj. stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Steinar Adolfsson
Stillholti 16-18
300 Akranes
Netf: steinar.adolfsson@akranes.is

Heilbrigðisnefnd Vesturlands (HeV) hefur móttekið bréf Akraneskaupstaðar, dags. 15.06.2016, þar sem óskað er umsagnar vegna endurákvörðunar sorpgjalda á Akranesi fyrir árið 2016, sem samþykkt var í bæjarráði hinn 14. júní s.l.
Með erindinu fylgdi greinargerð um hirðu og eyðingu sorps á Akranesi, drög að breyttri gjaldskrá, fjárhagsáætlun fyrir rekstur gámastöðvar (Gámu) og rekstrar- og framkvæmdayfirlit um sorphirðumál á Akranesi, þjóðhagsspá hagtíðinda (27.05.2016) og nýfallinn úrskurður (14.04.2016) úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um sorphirðu- og sorpeyðingargjöld á Akranesi 2016.

Á stjórnarfundi heilbrigðisnefndar Vesturlands fyrr í dag samþykkti nefndin eftirfarandi bókun:
***HeV telur að efnisatriði gjaldskrárinnar sé í samræmi við ákvæði samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gerir því ekki athugasemdir við hana.***

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

f.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS

framkv.stj. heilbrigðiseftirlits.